

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag. Ásland, 3. áfangi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 27. febrúar 2007 nýtt deiliskipulag „Ásland, 3. áfangi“ í Hafnarfirði. Deiliskipulagið gerir m.a. ráð fyrir að á 29 ha svæði verði byggðar 248-260 íbúðir, 85 íbúðir í einbýlishúsum, 47 íbúðir í par- og raðhúsum og 110-128 íbúðir í fjölbýli. Gert er ráð fyrir tveimur leiksvæðum, lóð fyrir miðlunargeym og yfirfallsbrunn. Jafnframt koma fram breytt skipulagsmörk fyrir Ásland – Grísanes – Ásar, 2. áfanga. Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breyting á deiliskipulagi. Ásland – Grísanes – Ásar, 2. áfangi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð á fundi sínum 8. maí 2007 breytingu á deiliskipulagi „Ásland – Grísanes – Ásar, 2. áfangi“ þar sem skipulagsmörkum Áslands – Grísanes – Ása, 2. áfanga hefur verið breytt í samræmi við skipulagsmörk Áslands, 3. áfanga. Farið var með breytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 7. júní 2007,

Anna Sofía Kristjánsdóttir
arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 21. júní 2007